

ásamt vöxtum, sem rétt er að reikna 7% ársvexti frá 2. febrúar 1973 til 16. maí sama ár, en 9% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Guðlaugi Þorvaldssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, greiði stefnanda, Jóhannesi Long, kr. 69.199 með 7% ársvöxtum frá 2. febrúar 1973 til 16. maí sama ár og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1977.

Nr. 10/1977. **Guðrún Einarsdóttir**

gegn

Birgi Þorvaldssyni og

Unnsteini Beck skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Réttarneitun. Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 28. desember 1976, er barst Hæstarétti 24. janúar 1977, kært tvær ákvarðanir skiptaréttar Reykjavíkur 15. desember 1976 varðandi skipti á búi sóknaraðilja og varnaraðiljans Birgis Þorvaldssonar. Er þess krafist, að ákvörðunum þessum verði hrundið og að lagt verði fyrir skiptaráðanda „að takast á hendur þær aðgerðir, sem synjað var“.

Varnaraðili Birgir Þorvaldsson krefst þess, að hrundið verði kröfu sóknaraðilja. Þá krefst hann kærnumálskostnaðar. Greinargerð hefur eigi borist frá skiptaráðanda.

Mál þetta er kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Hinar kærðu ákvarðanir koma fram í eftirfarandi bókun á skiptafundi í þúi sóknaraðilja og varnaraðiljans Birgis Þorvaldssonar í skiptarétti Reykjavíkur 15. desember 1976, er haldinn var af Unnsteini Beck skiptaráðanda:

„Í málinu hefur verið lögð fyrir krafa Guðrúnar Einarsdóttur um, að núverandi forstjóri Runtal-ofna h/f, Birgir Þorvaldsson, verði að tilhlutan skiptaráðanda leystur frá því starfi og stjórn félagsins fengin í hendur hæfum og óvilhøllum aðila, og enn fremur, að reikningar félagsins frá og með árinu 1971 verði sömuleiðis að tilhlutan skiptaráðanda teknir til gagn Gerrar endurskoðunar af hálfu hæfra og óvilhallra manna, er dómkvaddir verði í því skyni. Loks hefur Guðrún Einarsdóttir krafist þess, að skiptaráðandi dómkveðji menn til að meta til verðs hlutabréfaeign málsaðila í h/f Runtal-ofnum.

Umboðsmenn málsaðila hafa lagt fram greinargerðir um þessar kröfur. Einnig hefur umboðsmaður Birgis Þorvaldssonar, Páll S. Pálsson hrl., áður sent skiptaráðanda yfirlýsingu frá stjórn Runtal-ofna h/f þess efnis, að stjórnin lýsir sig ánægða með rekstur félagsins undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra þess. . . .

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 6. október 1975 (sic) var kveðið á um skiptingu á hlutafjäreign málsaðila í Runtal-ofnum h/f á þá lund, að hvort um sig á sem hjúskapareign þau hlutabréf, sem skráð væru á þess nafn við stofnun félagsins. Á skiptafundi 29. desember s.l. lýstu málsaðilar því yfir, að þau væru hvort um sig fús til að taka við þeirri hlutafjäreign, sem í hjúskaparhlut þess félli upp í búshluta sinn. Samkvæmt þessu hafa nú málsaðilar fengið í hendur hlutabréf í margnefndu félagi að nafnverði kr. 90.000, en eitt hlutabréf að nafnverði kr. 5.000 er óskipt sameign þeirra, og liggur það enn hjá skiptaráðanda. Samkvæmt þessu hefur

hvor málsaðila um sig fengið til fullra umráða þá hlutafjár- eign í búinu, sem honum ber, til frjálsra umráða með þeim réttindum og skyldum, sem hlutabréfaeignum fylgja að lög- um og samkvæmt samþykktum félagsins. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til þess, að skiptaráðandi taki í sínar hendur ráðsmennsku í málefnum félagsins, enda gæti slíkt aðeins orðið bráðabirgðaráðstöfun, sem ekki hefði varanleg áhrif um rekstur og hag félagsins.

Málsaðilar hafa nú, svo sem að framan greinir, sjálfir í höndum þá aðstöðu, sem hlutabréfaeign þeirra veitir þeim, til áhrifa á rekstur félagsins og m. a. til að heita þeim áhrifum, sem lög heimila hluthöfum til ihlutunar um bókhald, dag- legan rekstur og eftirlit um félagsmál. Því eru ekki heldur efni til, að skiptaráðandi taki í sínar hendur að fyrirskipa endurskoðun á bókhaldi félagsins“.

Í bókun skiptaráðanda hér að framan greinir, að máls- aðiljar hafi hvor um sig fengið í hendur hlutabréf í Runtal- ofnum h/f að nafnverði 90.000 krónur. Hefur hvorugur máls- aðilja, að því er séð verður, hreyft athugasemdum við því. Í dómi Hæstaréttar 8. desember 1975 kemur fram, að hlutafé félagsins er 200.000 krónur alls. Aðeins eitt hlutabréf, að nafnverði 5.000 krónur, er í höndum skiptaráðanda. Eins og málum er háttað, er það því ekki í valdi skiptaráðanda að mæla fyrir um aðgerðir þær, sem sóknaraðili krefst, en þær lúta að endurskoðun á reikningum hlutafélagsins og fram- kvæmdastjórn þess. Verða kröfur sóknaraðilja í máli þessu því eigi teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Kröfur sóknaraðilja, Guðrúnar Einarsdóttur, eru eigi teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.
